



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Íris Stefánsdóttir
Skipulag- og tækifulltrúi
Fjallabyggð

Akureyri, 28. nóvember 2023
MÍ202311-0059/ 6.08 / S.G.

Brimnestunga Ólafsfirði, umsögn um breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag.

Með tölvupósti sendum þann 13. nóvember 2023 var óskað eftir umsögn Minjastofnun um breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag við Brimnestungu á Ólafsfirði í gegnum Skipulagsgáttina. Hægt var að hlaða niður breytingu á aðalskipulagi dagsett 7. nóvember 2023 og deiliskipulagsupprætti og greinargerð dagsettu 30. júní 2023.

Til er fornleifaskráning fyrir svæðið Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sædis Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. *Fornleifaskráning í Ólafsfirði* Fornleifastofnun Íslands FS320-04051 Reykjavík 2006, sem uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um skráningu. Engar fornleifar eru skráðar innan svæðisins í þeirri skráningu. Minjavörður kannaði svæðið á vettvangi þann 13. júlí 2023 í kjölfar umsagnar um skipulagslýsinguna, sjá umsögn dagsetta 24. janúar 2023 (MÍ202301-0090/ 6.09 / S.G). Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum. Laga þarf kafla 13.1.7. í greinargerðinni, en þar segir að Minjavernd verið kölluð til ef fornminjar finnast, en þar á að standa Minjastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er

að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi
Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

